

**Kári Allansson** er fæddur árið 1982 og hóf tónlistarnám 5 ára gamall á Selfossi, fyrst á píanó en síðar bættust fiðla og klassískur gítar við. Hann hóf orgelnám við Tónskóla Þjóðkirkjunnar undir leiðsögn Björns Steinars Sólbergssonar árið 2004 og lauk þaðan kantorsprófi vorið 2010. Kári stundaði tónsmíðanám við Listaháskóla Íslands 2006-2008 en fór þá yfir á nýstofnaða kirkjutónlistarbraut (í samstarfi við Tónskóla Þjóðkirkjunnar) og lauk B.A. prófi í kirkjutónlist vorið 2010. Kári hefur sótt námskeið í orgelleik og kórstjórn, meðal annars hjá Mattias Wager, Susan Landale, Hanfried Lucke, Herði Áskelssyni og Jóni Þorsteinssyni. Að auki hefur hann lagt stund á stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.
Kári hefur komið fram á ýmsum tónleikum á vegum Tónskólans og Listaháskólans og einnig haldið einleikstónleika á orgel. Hann hefur þó komið víðar við en í kirkjum landsins í tónlistariðkun sinni því hann hefur einnig leikið í danshljómsveitum.
Kári starfaði sem organisti og kórstjóri Óháða safnaðarins frá 2007-2009 og hjá Grindavíkurkirkju frá 2009-2010, en þá hóf hann meistaranám í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst. Í maí 2011 lauk Kári burtfararprófi frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar undir handleiðslu Björns Steinars Sólbergssonar.

**Kári Allansson** was born in 1982. He began studying music at the age of five, first playing the piano but later also the violin and classical guitar. He started organ and church music studies at the National Church School of Music in Reykjavík in 2004, graduating with a church musician’s diploma in 2010. His principal organ teacher was Björn Steinar Sólbergsson. Kári began studying composition at the Iceland Academy of the Arts in 2006, switching to the Church Music program (in collaboration with the National Church School of Music) in 2008, from which he graduated with a Bachelor’s degree in 2010.
Kári has participated in courses with several well known teachers, including Mattias Wager, Susan Landale, Hanfried Lucke, Hörður Áskelsson and Jón Þorsteinsson. Additionally, he has studied Political science at the University of Iceland.
Kári has performed at numerous concerts held by the National Church School of Music and the Academy of the Arts, as well as his own solo organ concerts. His musical field is not limited to the church, however – he has also played in several non-classical bands.
Kári held the post of organist and choir director of the Reykjavík Independent Lutheran Congregation from 2007-2009 and of Grindavíkurkirkja from 2009 -2010, when he began his MA studies in cultural management at Bifröst University. In may 2011 Kári completed his school-leaving exam under the guidance of Björn Steinar Sólbergsson.